



DEILISKIPULAG MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS Á VOPNAFIRÐI

Umhverfisskýrsla

19.02.2019 breytt 12.11.2019 og 5.12.2019



EFNISYFIRLIT

1	UMHVERFISSKÝRSLA	3
1.1	Almennt	3
1.2	Mats- og tilkynningarskylda	3
1.3	Skilgreining	3
1.4	Umhverfismat	4
1.4.1	Náttúrufar – Sjór og strandsvæði	4
1.4.2	Landslag og ásýnd	5
1.4.3	Heilsa og öryggi	5
1.4.4	Hagrænir og félagslegir þættir	5
1.4.5	Minjar og varðveislugildi	6
1.4.6	Samantekt á niðurstöðu umhverfismats	6

TÖFLUSKRÁ

Tafla 1.	Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.	4
Tafla 2.	Samantekt á niðurstöðum umhverfisáhrifa.	6

1 UMHVERFISSKÝRSLA

1.1 Almennt

Umhverfisskýrsla þessi er unnin sem hluti af endurskoðun deiliskipulags fyrir miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði, „*Deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði*“. Í gildi er deiliskipulag hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði, samþykkt 29. janúar 2009 og mun eldra umhverfismat uppfært í samræmi við nýja deiliskipulagið.

Umhverfisskýrslan skal auglýst og kynnt opinberlega ásamt skipulagstillögu sbr. ákvæði laga um umhverfismat áætlana, skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.4 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

1.2 Mats- og tilkynningarskylda

Gildandi deiliskipulag var háð lögum um mat á umhverfisáhrifum þar sem áætlunin gerði ráð fyrir nýrri fiskimjolsverksmiðju með 850 tonna vinnslugetu á sólarhring og því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Árið 2014 var tilkynnt til Skipulagsstofnunar framleiðsluaukning verksmiðjunnar úr 850 tonnum í 1150 tonn á sólarhring. Verksmiðjan var því stækkuð í 1150 tonn á árunum 2014-2015 í framhaldi af úrskurði Skipulagsstofnunar. Nýtt deiliskipulag gerir ráð fyrir enn meiri framleiðsluaukningu eða úr 1150 í 1400 tonn á sólarhring og fellur því undir lög um umhverfismat áætlana þar sem áætlunin felur í sér framkvæmd sem tilgreind er í viðauka 1 í tl. 13.02. *Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.* Framkvæmdin telst því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og tekur hún ákvörðun um matskyldu framkvæmdar áður en framkvæmdarleyfi er veitt af hálfu sveitarfélagsins.

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 hafa það að megin markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Gerð er grein fyrir þeim þáttum sem verið er að breyta frá því sem nú er á svæðinu. Við mat á áhrifum var notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem koma fram í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi.

1.3 Skilgreining

Í töflu 1. má sjá yfirlit yfir þá þætti umhverfis sem deiliskipulagsáætlunin er talin hafa áhrif á. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna deiliskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismatinu eru eftirfarandi:

Tafla 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR	VIÐMIÐ
Náttúrufar – sjór og strandsvæði	Mun áætlunin hafa áhrif á gróðurfar og dýralíf vegna landfyllingar ? Mun áætlunin áhrif á lífríki vegna frárennslis ?	Lög um náttúruvernd 60/2013. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Landslag og ásýnd	Mun áætlunin hafa áhrif á ásýnd svæðisins ? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif ?	Lög um náttúruvernd 60/2013 1. gr. d liður, 3. gr. d liður.
Heilsa og öryggi	Er hættu á mengun að völdum áætlunar ? Mun áætlunin hafa áhrif á umferðaröryggi ?	Vegalög nr. 80/2007. Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun. Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar áætlunin að bættum lífsgæðum íbúa ?	Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Landsskipulagsstefna 2015 – 2026.
Minjar og varðveislugildi	Mun áætlunin hafa áhrifa á fornminjar ?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Skipulagslög nr. 123/2013. Lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

1.4 Umhverfismat

Við val á skipulagsútfærslu hefur ýmsum möguleikum verið velt upp og skoðaðir en í samráði við athafnarfyrirtæki á svæðinu og skipulagsráðgjafa hefur sveitarstjórn fallist á þessa tillögu sem nú er kynnt. Því eru ekki aðrir valkostir lagðir fram. Þeir þættir deiliskipulags sem kunna að valda jákvæðum eða neikvæðum umhverfisáhrifum eru landfylling og framleiðsluaukning verksmiðjunnar.

1.4.1 Náttúrufar – Sjór og strandsvæði

Lífríki hafnarinnar mun raskast við aukna landfyllingu og eru þær breytingar neikvæðar og óafturkræfar en taldar óverulegar, bæði vegna þess hve raskað umhverfi hafnarinnar er nú þegar sem og vegna smæðar landfyllingar. Í umhverfismati deiliskipulags sem samþykkt var 29. janúar 2009 kemur fram að frárennsli verksmiðjunnar sé óviðunandi en með nýrri verksmiðju verður sett krafa á að hreinsa frárennsli, sem og að dæla því lengra út í fjörðinn svo þynningarsvæðið færir frá strandlínu þéttbýlisins. Á árunum 2011-2012 var frárennsli verksmiðjunnar lengt í 800 m og niður á 24 m dýpi.

Samhliða þessu var byggt nýtt hreinsivirki auk þess sem árlegt eftirlit er með verksmiðjunni í dag. Fyrirhuguð uppbygging mun því ekki hafa neikvæð áhrif á sjó og strandsvæði svæðisins þar sem nú þegar er búið að uppfylla þau skilyrði sem sett hafa verið um frárennsli.

1.4.2 Landslag og ásýnd

Tilkoma viðbótar landfyllingar mun hafa óafturkræf áhrif á ásýnd hafnarinnar en álitamál er hvort þau teljist neikvæð, þar sem viðbótin fellur vel að núverandi viðleguköntum og strandlínu. Fyrirhuguð aukning á vinnslu verksmiðju mun ekki gera ráð fyrir nýjum stórum byggingum eða skortsteinum umfram það sem er í dag, einungis verið að auka framleiðslu í núverandi húsnæði þar sem vinnslugeta verksmiðju er meiri.

Þar sem skipulagssvæðið er að mestu fullbyggt hefur ásýnd svæðisins tekið á sig nokkuð endanlega mynd og þeir byggingarreitir sem eftir eru, eru áætlaðir undir hafnsækna starfsemi. Við uppbyggingu þeirra skal leitast við að fella mannvirki að öðrum byggingum svæðisins, varðandi þakhalla og útlit. Áætla má að skipulagsáætlunin hafi óveruleg umhverfisáhrif á landslag og ásýnd svæðisins umfram það sem er í dag.

1.4.3 Heilsa og öryggi

Deiliskipulagið felur í sér aukna takmörkun og stýringu á almennri umferð um hafnarsvæðið. Mögulegt er að takmarka eða loka alveg fyrir almenna umferð um svæðið og þá sérstaklega á álagstímum. Sú áætlun sem lögð er til mun auka umferðaröryggi um hafnarsvæðið og bæta þá aðstöðu sem nú er fyrir hendi. Á hafnarsvæðinu þarf einnig að huga að öryggi þeirra sem dvelja á svæðinu sem og að mengandi efni berist ekki í sjó eða til strandsvæða. Útblástur skal hreinsa áður en hann fer út í umhverfið og tryggja skal góða útþynningu loftsins með háum skorsteinum. Skorsteinar skulu ekki vera hærri en þeir sem fyrir eru. Með eðlilegri endurnýjun á tækjum og búnaði eins og pressum, glatvarmataækjum og MVR eimingartækjum hafa afköst verksmiðjunnar orðið meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Breytingar á þessum tækjum hafa í flestum tilfellum haft mjög jákvæð umhverfisáhrif. Mælingar á frárennsli og útblæstri verksmiðjunnar hafa komið ágætlega út og lyktarmengun frá henni er litil sem engin, enda er hráefnið öllu jafna ferskt og gott. Afkastaukning er jákvæð fyrir loftgæðin því með meiri afköstum eru minni líkur á að hráefni skemmist fyrir vinnslu. Mikilvægt er að hafa í huga að takmarka geymslu efnis sem sprengihætta getur stafað af og öllum reglum og lögum sé fylgt eftir varðandi mengandi efni, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Geymslur fyrir hættuleg efni skulu merktar. Tekið skal á því í starfsleyfi hvaða efni starfsemin krefst ásamt veiðeigandi ráðstöfunum fyrir geymslu efna sbr. efnalög nr. 61/2013. Einnig ber fyrirtækjum að undirbúa viðbragðsáætlanir fyrir leka og bruna. Æskilegt er að fyrirtæki kynni viðbragðsáætlanir sínar fyrir nærliggjandi fyrirtækjum þar sem svæðið er þéttbyggt og mörg hús sambyggð. Á heildina litið eru áhrif skipulagsins á heilsu og öryggi talin vera jákvæð.

1.4.4 Hagrænir og félagslegir þættir

Fyrirhuguð uppbygging mun hafa jákvæð áhrif á hagræna og félagslega þætti svæðisins. Fjölgun starfa vegna uppbyggingar verksmiðju er ekki ljós en ætla megi að aukin vinnslugeta og betri nýting á

núverandi byggingum hafi jákvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins og skapar því öruggari rekstur sem skilar sér í meira atvinnuöryggi á svæðinu. Þá mun öll uppbygging á hafnarsvæðinu og möguleikar fyrir hafnsækna starfsemi að koma byggja upp starfsemi sína á svæðinu hafa jákvæð áhrif á skipakomur og umsvif í höfninni og þ.a.l. skapa tækifæri fyrir aukna atvinnuönguleika.

1.4.5 Minjar og varðveislugildi

Fornleifaskráning hefur varið fram innan suðurhluta skipulagssvæðisins og er skv. henni engar sýnilegar minjar staðsettar innan suðurhluta skipulagssvæðis. Fornleifaskráning fyrir norðurhluta skipulagssvæðisins liggur ekki fyrir. Allar byggingar innan skipulagssvæðisins hafa verið skráðar í húsakönnun sem unnin var í samstarfi við Minjastofnun. Gert er ráð fyrir að tvær byggingar innan skipulagssvæðisins verði verndaðar samkvæmt skilgreiningu hverfisverndar. Byggingarnar eru rafstöðin við Hafnarbyggð 16 og fyrrverandi verksmiðjan við Hafnarbyggð 12. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir skal haft samband við minjavörð/Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

1.4.6 Samantekt á niðurstöðu umhverfismats

Tillagan mun hafa umhverfisáhrif, einkum á náttúrufer og ásjón.

Tafla 2. Samantekt á niðurstöðum umhverfisáhrifa.

UMHVERFISÞÁTTUR	ÁHRIF	MÓTVÆGISADGERÐIR OG/EDA EFTIRFYLGNI
Náttúrufer – Sjór og strandsvæði	Óveruleg áhrif	Halda raski í lágmarki og ganga vel frá framkvæmdasvæði að framkvæmd lokinni. Árlegt eftirlit með verksmiðjunni.
Landslag og ásjón	Óveruleg áhrif	Halda raski í lágmarki og ganga vel frá framkvæmdasvæði að framkvæmd lokinni. Við uppbyggingu svæðis skal leitast við að fella mannvirki að nærliggjandi byggingum.
Heilsa og öryggi	Jákvæð áhrif	Eftirfarandi atriði bæta umferðaröryggi: takmörkun og stýring á almennri umferð, skilgreindir stíga fyrir gangandi og hjólandi umferð. Með auknum afköstum gætu loftgæði batnað þar sem minni líkur á að hráefni skemmist fyrir vinnslu.
Hagrænir og félagslegir þættir	Jákvæð áhrif	
Minjar og varðveislugildi	Óveruleg áhrif í heildina, jákvæð áhrif á staðbundin hús.	Eftir atvikum skal fornleifafræðingur skrá fyrirhuguð framkvæmdarsvæði eða minjavörður taka út minni framkvæmdarsvæði. Merkja minjar í hættu innan framkvæmdarsvæðis á framkvæmdatíma ef einhverjar eru. Framkvæmdir geta ekki hafist fyrr en fornleifaskráning á öllu svæðinu er lokið og umsögn Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

